

10.desember 2019

Til sveitarstjórnar Dalabyggðar

Húsnæðismál Byggðasafns Dalamanna

Sem kunnugt er hefur menningarmálanefnd Dalabyggðar og safnveörður, verið að vinna að úrlausn á framtíðar húsnæði fyrir starfsemi safnssins.

Ein af þeim leiðum sem við höfum notað við þá vinnu var að halda hugarflugsfund um málefni byggðasafnsins, starfsemi og framtíðar staðsetningu.

Niðurstöður þess fundar eru ekki tilbúnar, en meðfylgjandi eru drög að henni. Þar kemur fram að Staðarfell sé einn af betri kostum, sé ríkið tilbúið til samstarfs þar um.

Í ljósi þess, telur nefndin að ástæða sé til að leita formlega eftir því við ríkið, áður en lengra er haldið, hvort að þar sé vilji til að vinna að þessu máli á þeim forsendum sem sveitarstjórn Dalabyggðar, leggur upp með.

Því leggur menningarmálanefnd til eftir farandi:

Menningarmálanefnd leggur til við sveitarstjórn, að leita eftir formlegum viðræðum við ríkið (viðeigandi stofnun, ráðuneyti) um að Dalabyggð fái eignirnar á Staðarfelli til fullra umráða til langs tíma, með það að markmiði að koma þar upp Menningarsetri Dalasýslu, sem m.a. myndi hýsa Byggðasafn Dalamanna og eftir hentugleikum, skjalasafn og annað það sem fallið getur með þeirri starfsemi.

Meðfylgjandi þessari tillögu eru gögn frá safnverði um kosti og galla þess að hafa safniastarfsemina á Staðarfelli og einnig gognin frá hugarflugsfundinum.

Viðringarfyllst

Þorgrímur Einar Guðbjartsson

formaður menningarmálanefndar Dalabyggðar